Námskrá leikskólans Álfaheiði



Efnisyfirlit

Um skólann 3
Námskrá leikskólans 3
Hugmyndafræði leikskólans 4
Lífsmennt 4
Grænfáninn 6
Leiðarljós leikskólans 7
Lýðræði og jafnrétti 7
Nám án aðgreiningar 9
Farsæld barna 9
Mat barna 10
Leikur og nám 11
Námsumhverfi 13
Samþætt og skapandi leikskólastarf 14
Námssvið 14
Læsi og samskipti 14
Heilbrigði og vellíðan 17
Sjálfbærni og vísindi 21
Sköpun og menning 22
Mat á námi og velferð barna 24
Fjölskyldan og leikskólinn 25
Heimili og leikskólinn 27
Tengsl skólastiga 28
Samstarf í nærumhverfi 28
Starfsáætlun-skóladagatal-heimasíða 29
Starfsfólk 29
Öryggismál og forvarnir 30
Áfallaráð 30
Mat á leikskólastarfi 31
Innra mat 31
Ytra mat 31

Um skólann

Leikskólinn Álfaheiði tók til starfa 1. desember árið 1990 og er nafn hans dregið af þeirri götu sem hann stendur við. Leikskólinn er rekinn af Kópavogsbæ og er 600 m2 að stærð. Hann er staðsettur á sunnanverðum Digraneshálsi þar sem stutt er í skemmtileg útivistarsvæði s.s. Kópavogsdal, Víghól og staði sem tengjast sögu bæjarins og þjóðtrúnni um álfa. Álfaheiði er fjögurra deilda leikskóli og þar dvelja 79 börn með mismunandi langan dvalartíma.

Námskrá leikskólans

Námskrá leikskólans byggist á Aðalnámskrá leikskóla (2011, 2013) lögum og reglugerðum fyrir leikskóla, aldursskiptum námskrám leikskóla Kópavogs, samþykktum bæjaryfirvalda og ýmsum stefnumótandi samþykktum. Tilgangur hennar er að skipuleggja uppeldi og nám barna og tryggja góðar aðstæður til náms í samræmi við lög. Stuðla að skilvirkara starfi og gera leikskólastarfið sýnilegra.

Námskráin fjallar um þau gildi sem starf leikskólans byggist á og þá hugmyndafræði sem tekið er mið af. Í námskránni koma einnig fram þær áherslur og leiðir sem leikskólinn fer í samskiptum við börn, starfsmenn, foreldra og nærsamfélagið.

Á þessum grunni hafa börn, starfsmenn og foreldrar leikskólans mótað námskrána.

Arkitektar leikskólans: Sigurður Harðarson og Magnús Skúlason Hönnuður lóðar: Auður Sveinsdóttir
Merki leikskólans: Anna Þórdís Guðmundsdóttir
Ábyrgð: Anna Rósa Sigurjónsdóttir og Rakel Ýr Isaksen
Útgáfuár 2026 alfaheidi@kopavogur.is
http://alfaheidi.kopavogur.is

Hugmyndafræði leikskólans

Lífsmennt

Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og sérstakri hugmyndafræði. Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga, rita og rannsókna ýmissa fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast.

Álfaheiði vinnur í anda námsefnisins Lífsmenntar (Values based Education). Námsefnið er ávöxtur alþjóðlegs verkefnis sem unnið var í tilefni 50 ára afmælis Sameinuðu þjóðanna árið 1995. Verkefnið fólst í því að beina athygli manna að tólf jákvæðum alheimsgildum undir yfirskriftinni:

Deilum gildum okkar til að skapa betri heim

sem Álfaheiði hefur gert að einkunnarorðum sínum.

Með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi var lagður grunnur að markmiði og hlutverki lífsmenntakennslunnar.

Í Álfaheiði er lögð áhersla á jákvæðni, gleði og kærleiksrík samskipti. Gildunum er fléttað á fjölbreytilegan hátt inn í námið með það að markmiði að undirbúa nemendur betur undir lífið.

Lífsmennt byggist á eftirfarandi þremur lykilforsendum:

- Alheimsgildin leggja áherslu á virðingu og reisn allra manna, ef við lærum þessi gildi eykst vellíðan einstaklinganna og samfélagsins.
- Öllum nemendum er annt um gildin og þegar tækifærin gefast hafa þeir allir hæfileika til að læra og skapa á jákvæðan hátt.
- Nemendur dafna í gildisríku andrúmslofti í jákvæðu, öruggu umhverfi þar sem gagnkvæm virðing og umhyggja ríkir.

Námsefnið krefst þess að starfsmenn tileinki sér gildin, því börn læra best það sem fyrir þeim er haft og eru því móttækilegust þegar þau sjá aðra nota gildin. Kennarar um allan heim er hvattir til að byggja á ríkri menningararfleifð sinni þegar þeir flétta námsefnið og gildin inn í starfið og það hefur Álfaheiði haft að leiðarljósi.

Meginmarkmið leikskólans eru að efla jákvæða sjálfsmynd barna, siðvit og að þau læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu.

Unnið er með átta gildi og er þeim skipt niður á tvö ár.

Virðing - Samvinna - Ábyrgð - Þakklæti- Friður Kærleikur - Umburðarlyndi- Hugrekki

Við beinum athyglinni að einu gildi í einu og fléttum því inn í allt starf leikskólans.

Gildin eru leiðarvísir um hegðun okkar og hugsun. Þau eru kraftur þess góða sem býr innra með okkur og eru undirstaðan í samböndum okkar og þroska. Leikskólanámið er í raun samfellt lífsmenntanám þar sem börnin rækta með sér gildin í samskiptum sínum og samneyti við aðra.

Hver deild útfærir leiðir til að skapa börnunum tækifæri til að sýna sína góðu eiginleika í orði og athöfnum. Með því að einbeita okkur að jákvæðum eiginleikum/gildum getum við breytt gömlum viðhorfum, öðlast nýja sýn og fundið óvænt svör.
Í gildisríku andrúmslofti eru börnin svo sannarlega fús til að deila gildum sínum til að skapa betri heim.



Grænfáninn

Umhverfissáttmáli leikskólans:

Okkur þykir vænt um jörðina

Álfaheiði leggur áherslu á menntun til sjálfbærni en markmiðið með sjálfbærum lifnaðarháttum er að börn og starfsmenn geri sér grein fyrir mikilvægi eigin velferðar og annarra þar sem umhverfi, lýðheilsa, lýðræði og jafnrétti eru höfð að leiðarljósi. Sjálfbærni felur einnig í sér að þekkja, skilja og virða náttúruna og því er mikilvægt að börnin upplifi náttúruna af eigin raun og læri að njóta hennar sér til yndisauka.

Álfaheiði hefur flaggað Grænfánanum frá árinu 2008 en hann er alþjóðlegt umhverfismerki og nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Viðfangsefni umhverfismenntar eru fjölbreytt og aðal áherslur eru endurskoðaðar á tveggja ára fresti, ásamt umsókn um endurnýjun Grænfána.

Umhverfisnefnd starfar við skólann og sjá nefndarmenn um að leiðbeina, skipuleggja og stýra verkefnum sem lúta að umhverfismálum. Nefndin er tvískipt, umhverfisnefnd elstu barna leikskólans ásamt kennurum þeirra og leikskólastjóra og umhverfisnefnd skipuð starfsmönnum leikskólans. Nánar má lesa um Grænfánann hér



Leiðarljós leikskólans

Leikskólastigið er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska.



Í samstarfi við foreldra kappkostar leikskólinn að veita öllum börnum tækifæri til að njóta bernsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Lögð er áhersla á styrkleika barna og hæfni og litið er á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans. Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild þar sem börnunum er sýnd virðing og umhyggja.

Börn eru í eðli sínu forvitin
hafa löngun til að læra
og eru gædd mörgum yndislegum eiginleikum.
Þau eru skapandi, umhyggjusöm
og geta tekið eigin ákvarðanir.
Í gildisríku umhverfi þrífast börn vel og blómstra.

Lýðræði og jafnrétti

Leikskólinn er vettvangur þar sem lögð er áhersla á að vinna með gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Í Álfaheiði hefur verið unnið markvisst með Barnasáttmálann síðan 2008 og árið 2022 varð leikskólinn Réttindaskóli UNICEF.



Starfsfólk leitar markvisst eftir skoðunum barna varðandi daglegt starf, líðan þeirra og námsumhverfið í leikskólanum.
Í leikskólanum eru börn, starfsmenn og foreldrar samstarfsaðilar og er það talinn ávinningur fyrir alla að tilheyra fjölbreyttu samfélagi óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum og getu. Með því að stuðla að jafnrétti er lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls.




Í Álfaheiði er lögð áhersla á að börnin beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, þrói með sér samkennd, tillitssemi, umburðarlyndi og vináttu. Frumkvæði barna er eflt og styrkt, þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi.



Börnin eru hvött til að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski þeirra leyfir. Þau fá tækifæri til að leysa deilur á jákvæðan hátt, gleðjast með öðrum og lifa í sátt við sig og umhverfi sitt.

Með þátttöku barnanna og ákvörðunartöku í leikskólastarfinu eflum við kærleiksrík samskipti sem byggja á virðingu og lýðræðislegum vinnubrögðum. Nánar má lesa um Barnasáttmálann og Réttindaskóla hér.



Lausnahringurinn er leið sem við nýtum til þess að kenna og þjálfa börn í félags- og tilfinningafærni, að setja mörk, virða mörk annarra, leysa ágreining og leita sér hjálpar.
Á þann hátt sköpum við menningu í leikskólanum þar sem virðing, öryggi og þátttaka eru hluti af daglegu lífi.



Nám án aðgreiningar

Börn með fötlun eða frávik í þroska fá sérkennslu samkvæmt reglum sem sveitarfélagið setur þar um. Markmið hennar er að styðja barnið þannig að það geti notið leikskóladvalar sinnar og þroskast sem best á eigin forsendum. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun þ.e. mikilvægi þess að hafa áhrif á þroskaframvindu barna með markvissum aðgerðum eins snemma og unnt er. Sérkennslan fer yfirleitt fram á deildum í litlum barnahópum en einnig er unnið með eitt barn í einu, allt eftir þörfum hvers barns.

Sérkennslustjóri er faglegur umsjónarmaður sérkennslu í leikskólanum og annast frumgreiningu og ráðgjöf til starfsfólks og foreldra í nánu samstarfi við deildarstjóra. Sérkennslustjóri ber ábyrgð á og stjórnar skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar. Miðlar upplýsingum milli sérkennsluráðgjafa og sérfræðinga skólaþjónustu (sálfræðinga, iðjuþjálfa, talmeinafræðinga) og starfsfólks leikskólans. Ásamt því að hafa umsjón með uppeldis- og námsgögnum leikskólans sem tengjast sérkennslu.
Leikskólinn starfar eftir eineltis- og jafnréttisstefnu leikskóla Kópavogs þar sem meðal annars kemur fram að stuðlað skuli að jafnrétti og vináttu á sem víðtækustum grunni.

Farsæld barna

Á Íslandi hafa lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna tekið gildi. Farsæld vísar í aðstæður þar sem barn getur náð fullum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar.



Lögunum er ætlað að tryggja að börn og fjölskyldur þeirra falli ekki á milli kerfa og barnið verður þannig hjartað í kerfinu. Það getur verið flókið að fá aðstoð við hæfi og vita hvert eigi að leita eftir aðstoð.

Til þess að styðja við að börnin fái rétta þjónustu, frá réttum aðilum, á réttum tíma geta fjölskyldur óskað eftir samþættri þjónustu í þágu farsældar barna.
Samþætt þjónusta er samhæfð stuðningsþjónusta með áherslu á samvinnu og greiðari boðleiðir á milli mennta-, velferðar- heilbrigðis- og tómstundakerfis. Samþættingin getur verið tímabundin vegna ákveðinna aðstæðna sem upp koma eða langvarandi. Nánar um farsæld barna hér.
Í leikskólanum Álfaheiði er sérkennslustjóri, ásamt aðstoðarleikskólastjóra tengiliðir farsældar.
Álfaheiði hefur mótað úrræðalista farsældar sem tiltekur almenn, snemmtæk og einstaklingsmiðuð úrræði í þjónustu við börn og fjölskyldur.

Mat barna

Börnin eru sífellt að meta starfið t.d. með umræðum um hin ýmsu viðfangsefni, kosningum og oft er gerður hugmyndavefur þar sem hugmyndir barnanna eru skráðar og ræddar í hópnum.
Hugmyndir þeirra verða þannig sýnilegar og börnin sjá að það sem þau segja skiptir máli. Í réttindaráði viðra börnin skoðanir sínar, meta námsumhverfi og hafa áhrif á námið sitt.

Hvað finnst þér skemmtilegt að gera í leikskólanum?

Leika, leika með dýr og einingakubba, leira, mála, spila, vera í Karnival dýranna með grímurnar, leika í dýrunum, úti að leika í bílunum og spila. leika úti, leika í dúkkó



Hvað gera fjölskyldur?

Fjölskylda passar börnin svo börnin verði ekki alein heima. Fjölskyldur fara að róla, leika í sandkassa, leika í kubbum, út að hjóla, renna í rennibraut og leika með allt dótið.

Af hverju eigum við fjölskyldu?

Svo maður fari ekki að gráta hjá vinum sínum.

Leikur og nám



Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfinu, gleðigjafi og veitir vellíðan. Barnið skapar leikinn úr eigin hugarheimi, það tekur ákvarðanir á eigin forsendum, er einbeitt og upptekið af augnablikinu. Í Aðalnámskrá leikskóla segir: "Sjálfsprottinn leikur er námsleið ungra barna og skal því vera meginnámsleið í leikskóla. Leikur sem er sjálfsprottinn greinist frá öðru atferli í því að hann er leiddur af börnum; þau ákveða sjálf að leika, hvar og hvenær hann fer fram og um hvað þau leika"(Kafli 7). Hér eftir er átt við sjálfsprottinn leik þegar fjallað er um leik barna.

Sköpunarþörf, virkni og hugmyndaflug barna birtist í leikjum þeirra. Í leikjum fá börnin hreyfiþörf sinni fullnægt og þau þjálfa hreyfingar sínar og líkamsstjórn. Í þykjustu- og hlutverkaleikjum og öðrum samleikjum lærist börnum nauðsyn þess að vinna saman og taka tillit hvert til annars á jafnréttisgrundvelli. Valdefling barna er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi, að börn geri sér grein fyrir styrkleikum sínum og læri að byggja á þeim. Umhverfi er skipulagt á þann hátt að börn geti valið svæði, félaga og nálgast efniviðinn sjálf og það stuðlar að valdeflingu þeirra.



Í

Í skipulögðum leikjum og regluleikjum læra börnin einfaldar samskiptareglur og að virða rétt annarra. Í slíkum leikjum vaknar og þróast lýðræðisvitund þeirra og þau fá tækifæri til að tilheyra og taka þátt. Að tilheyra er að taka virkan þátt í leik með öðrum og vera hluti af hópnum. Það veitir börnum ánægju og þau öðlast samkennd og vináttu.

Leiknum er gefinn góður og samfelldur tími í dagskipulaginu svo hann fái að þróast og dafna á forsendum barnanna.

Áhrif starfsmanna á leikinn eru ótvíræð og mikilvægt er að þeir fylgist vel með leik barnanna, geti gripið inn í ef með þarf og verið með í leiknum á forsendum þeirra. Starfsmenn koma með kveikjur þegar og ef þarf.

Börn yfirfæra reynslu daglegs lífs í leik sinn og endurspegla oft það sem fullorðnir eru að gera og því eru starfsmenn mikilvægar fyrirmyndir barnanna bæði í orðum og athöfnum.



Námsumhverfi

Börn kanna og skilja umhverfi sitt á margbreytilegan hátt. Þau hlusta, bragða, handfjatla, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Allt skipulag og búnaður í leikskólanum á að stuðla að því að vekja forvitni barnanna, frumkvæði, virkni, áhuga, gleði og efla sjálfstæði þeirra.

Í Álfaheiði hafa börnin aðgang að fjölbreyttu leikefni bæði innan dyra sem utan. Starfsmenn hvetja börnin til að spyrja spurninga og velta fyrir sér lífinu og tilverunni. Þeir skapa einnig aðstæður til tjáningar og sköpunar í leik, sögugerð, myndlist, leirlist, smíðum, tónlist og hljóðfæragerð, leiklist, hreyfingu og dansi. Þannig örvar umhverfið fjölskynjun og sköpunarkraft barnanna, þau fá tækifæri til að vinna með fjölbreyttan efnivið og öðlast margháttaða reynslu.

Innandyra sem utan fer fram margþætt starf og fjölbreyttur búnaður og opinn efniviður er í boði. Lóð leikskólans er stór og fjölbreytt og á henni eru útileiktæki, eldstæði og aðgangur að vatni, sandi og mold. Á lóðinni eru matjurtakassar, berjarunnar og ávaxtatré sem börn og starfsmenn hugsa um og fylgjast með. Lífrænn úrgangur er sendur í moltugerð en þannig læra börnin um sjálfbærni og hringrás náttúrunnar. Nærumhverfi leikskólans, s.s. Kópavogsdalur, býður upp á skemmtilegar gönguleiðir og skógarsvæði. Þar hafa börnin yndi af því að leika sér, fylgjast með árstíðaskiptum og náttúrunni. Nokkur svæði sem tengja okkur við sögu Kópavogs eru í túnfætinum t.d. Víghóll, tóftir gamla Digranesbæjarins og Álfhóll sem er kunnasti bústaður álfa í Kópavogi.



Samþætt og skapandi leikskólastarf

Námssvið

Börn læra í leik og daglegu starfi í leikskólanum, innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Námssviðin stuðla að skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólanum. Námssvið leikskóla eru: Læsi - samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur sem nota ýmsar aðferðir til að tjá sig og eiga samskipti við annað fólk. Læsi, í víðum skilningi þess orðs, er mikilvægur þáttur samskipta og felur í sér að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla.
Hér er átt við talmál, myndmál, ritmál, tölur og önnur kerfi tákna sem hjálpa börnum að lesa í umhverfi sitt og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt.

Lífsmennt

Hæfni til samskipta er grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi. Í leikskólanum læra börnin félagslega færni, ný hugtök og fjölbreyttar leiðir til að tjá tilfinningar sínar, skoðanir og líðan. Þau hafa gaman af að tjá hugsanir sínar og tilfinningar eftir mismunandi leiðum og að vera viðurkennd. Börnin þurfa að tileinka sér reglur, venjur og hefðir sem ríkja í leikskólanum, heima og í samfélaginu. Þau fá tækifæri til að leysa deilur á jákvæðan og friðsamlegan hátt. Við teljum að öll börn eigi að fá að njóta sinna styrkleika, þannig byggjum við upp jákvæða og lífglaða einstaklinga sem lifa í sátt við sjálfa sig, aðra og umhverfið.

Málrækt

Tungumálið er mikilvægasta tæki mannsins til boðskipta og á leikskólaaldri er lagður grunnur að málþroska barna.

Góður málþroski er undirstaða lestrarnáms. Því betri málþroska sem börn hafa, því betur eru þau í stakk búin til að takast á við hefðbundið lestrarnám síðar á skólagöngu sinni.

Börn læra best þegar þeim líður vel og grunnurinn er lagður heima í notalegri lestrarstund með foreldrum.



Málrækt fléttast inn í allt starf leikskólans og ýmsar leiðir eru farnar til að efla málþroska, í daglegu starfi, leik, við lestur, sögugerð, myndsköpun og ritmálið er sýnilegt á öllum deildum.

Tákn með tali er notað með yngstu börnunum sem styður við máltöku þeirra. Boðið er upp á leiki og námsefni sem örvar hljóðkerfis- og málvitund barnanna og unnið er markvisst með námsefnið Lubbi finnur málbeinið með öllum börnum leikskólans. Leikskólinn hefur markað sér stefnu um mál og læsi.

Skimunarlistar og mælitæki varðandi málþroska

-TRAS er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna.
-Málþroski barna á fjórða ári er kannaður með EFI-2 málþroskaskimun.
-LANIS er skimunarlisti sem foreldrar og kennarar fylla út, foreldrar barna með annað heimamál en íslensku fylla listann út á sínu tungumáli.
-Hljóðkerfis- og málvitund elstu barna leikskólans er könnuð með Hljóm – 2.
-Hæfnirammar í íslensku fyrir fjöltyngd börn eru viðmið sem sýna þróun á færniþáttum við tileinkun annars tungumáls.

Fagnaðarfundir

Allur leikskólinn sameinast einu sinni til tvisvar í mánuði á deildinni Lundi eða á lóð leikskólans þar sem börn og starfsmenn skemmta sér saman. Þegar nýtt gildi gengur í garð er það kynnt og því fagnað. Elstu börn leikskólans æfa sig reglulega í framkomu með söng eða leikritum og fá tækifæri til að kynna dagskrá fagnaðarfunda með því að tala í hljóðnema.



Lífsmenntastundir / samverustundir

Lífsmennta- og samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnanna. Ýmis fræðsla tengd menningu, listum, Barnasáttmálanum og gildunum fer þar fram.

Lesnar eru sögur, sungið, farið í leiki, hugarflugsæfingar, kosningar, rætt um samskipti og fjölbreyttar skemmtilegar umræður eiga sér stað. Fjallað er um heiti daga og mánaða, veðráttu, tíðarfar, hefðir og hátíðir í tengslum við árstíðir.

Með hverju gildi sem kynnt er til leiks eru íhugunaratriði sem eru rædd og umræður skapast um í barnahópnum. Oftar en ekki er unnið áfram með raddir barna og hugmyndum þeirra komið í framkvæmd.

Hvað er virðing?
Tala ekki allir í einu.
Kíkja ekki á aðra þegar þeir eru á klósettinu og bíða.
Hjálpa vini sínum og vera glaður.
Gleðja aðra með knúsi.
Vera kærleiksríkur og hlusta á aðra.



Vináttuverkefni

Vinátta og bangsinn Blær er forvarnarefni frá Barnaheill, sem ætlað er að koma í veg fyrir að einelti þróist í barnahópum í leik- og grunnskólum. Námsefnið stuðlar að öruggu, jákvæðu og heilbrigðu lífi fyrir börn í leik- og grunnskóla með því að byggja upp jákvæð samskipti, umhyggju og vináttu.



Heilbrigði og vellíðan

Venjubundnar athafnir daglegs lífs í leikskólanum mótast af andlegum og líkamlegum þörfum barnanna. Umhyggja og umönnun skipar stóran sess í starfi leikskólans og starfsfólk leggur sig fram um að mynda góð og náin tengsl við börnin og foreldra þeirra. Sjálfsmynd barna mótast hvað mest í samskiptum við annað fólk, bæði fullorðna og börn. Leikskólinn fylgir ákveðnu dagskipulagi sem þó er sveigjanlegt og er sniðið að þörfum barnanna, þroska þeirra og aldri.

Inngilding

Að tilheyra samfélagi leikskólans hefur jákvæð áhrif á vellíðan barna, þau finna að á þau sé hlustað, geta tekið virkan þátt og upplifa sig sem hluta af heildinni. Inngilding felur meðal annars í sér að virða ólíkan menningarbakgrunn, tungumál og tjáningarform. Leikskólar Kópavogs styðjast við móttökuhandbók sem veitir starfsfólki upplýsingar og ráðgjöf varðandi móttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Tilgangurinn er að bæta aðferðir leikskólanna við móttöku barnanna og gera þær enn skilvirkari, þannig að börn og foreldrar þeirra upplifi sig velkomin og örugg í nýjum leikskóla.

Matartímar og hreinlæti

Matartímar og borðhald hafa mikið uppeldislegt gildi og þar gefast tækifæri til skemmtilegra og fræðandi umræðna. Starfsfólk matast með börnunum og lögð er áhersla á að börnin læri almenna borðsiði, taki þátt í borðhaldi, undirbúningi og frágangi eins og geta þeirra og þroski leyfir. Leikskólinn hefur markað sér stefnu varðandi mataræði og styðst við ráðleggingar frá Embætti landlæknis. Börnin þvo sér um hendur fyrir mat og eftir að þau hafa notað salerni.

Frágangur og snyrtimennska

Frágangur og snyrtimennska er einn liður í uppeldi og menntun barnanna. Þau læra að ganga frá fatnaði sínum og leikefni auk þess sem þau eru virkir þátttakendur í ýmsum verkefnum sem reyna á sjálfstæði þeirra. Leitast er við að hafa efnivið og leikefni aðgengilegt börnunum.

Svefn og hvíld

Eftir hádegismatinn sofa yngstu börnin en þau eldri eiga kyrrláta stund þar sem þau slaka á, hlusta á sögu eða rólega tónlist. Með því að hlúa að svefnvenjum barnanna hlúum við í leiðinni að líkamlegri og andlegri heilsu þeirra.

Líkaminn minn – tilfinningar og líðan

Börnin eru á markvissan hátt frædd um líkama sinn sem er liður í að efla jákvæða sjálfsmynd barnanna og efla forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi. Þau teikna reglulega sjálfsmyndir og samhliða er fjallað um tilfinningar þeirra og líðan. Við notum rétt heiti yfir líkamshluta og styrkjum börn í því að þau ráði yfir eigin líkama og geti sagt frá líðan sinni, æfi sig í að setja öðrum mörk og virði mörk annarra.

Mörk og agi

Mikilvægt er að börn læri að setja sín eigin mörk og virða mörk annarra, þekki tilfinningar sínar, temji sér sjálfstjórn og eigi í jákvæðum samskiptum.
Sjálfsagi sem börn temja sér á fyrstu æviárunum er mikilvægur til að takast á við mótlæti og erfiðar tilfinningar s.s. reiði og höfnun á lífsleiðinni.



Það veitir börnum öryggi þegar rútína og skýr mörk eru til staðar. Börn þurfa utanaðkomandi stýringu s.s. fyrirmynd, skýr mörk og leiðsögn frá uppalendum varðandi æskilega og óæskilega hegðun til að þau öðlist stjórn á eigin hegðun.

Agi kennir börnum tillitssemi og veitir þeim sjálfsöryggi til að standa með eigin sannfæringu.

Foreldrar geta ávallt leitað til okkar og fengið ráðleggingar og hjálp varðandi uppeldi, mörk og aga.
Leikskólinn hefur mótað sér aga stefnu sem byggir meðal annars á: Lífsmennt, Vináttuverkefni, Barnaheilla, Lausnahringnum, Jákvæðum aga, Litaskrímslinu, Uppeldi sem virkar-færni til framtíðar og PMTO foreldrafærni.

Jógaleikir

Börn hafa þörf fyrir að slaka á í amstri dagsins. Í jógaleikjum læra börnin friðsæl samskipti, hugarró, öndun og slökun. Jógaleikir eru styrkjandi, auka einbeitingu og sjálfstraust. Börnin kynnast líkama sínum, skilja betur hvernig þeim líður og læra að virða eigin mörk og annarra. Mikil áhersla er lögð á að leikgleðin fái að njóta sín og að börnin séu virkir þátttakendur. Jógaleikir fara fram bæði inndyra og úti í náttúrunni.

Núvitund – Að upplifa og njóta

Mikilvægt er að börnin kynnist tilfinningum sínum og geti haft orð á þeim, staldrað við jákvæða reynslu, hreyft sig meðvitað og eflt skynfærin s.s. snertingu, hljóð og lykt. Líðan okkar mótast mjög af hugsunum okkar og því er mikilvægt að börnin skynji líðan sína og dvelji við líðandi stund í vinsemd og sátt.

Hreyfing

Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan og gleði. Þau hafa mikla þörf á að hreyfa sig frjálst og óhindrað og fer hreyfingin fram innandyra sem utan.
Í hreyfingu læra börn að þekkja og skynja líkama sinn og lögð er áhersla á að þau læri ýmis stöðuhugtök og átti sig á rými, fjarlægðum og áttum.
Leikskólinn á ýmis áhöld til hreyfileikja og tveir elstu árgangarnir fara í hreyfingu í íþróttahúsið Digranes einu sinni í viku.



Útivera - gönguferðir

Útivera býður upp á góða hreyfingu og er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Hún er börnum holl, styrkir og eflir, eykur mótstöðuafl og matarlyst.
Í útiverunni gefast ótal tækifæri til náms, t.d. um náttúruna og veðrið. Garður leikskólans er stór og fjölbreyttur og býður upp á mikla möguleika til hreyfingar og leikja.
Í útiverunni leika börnin sér mest frjálst en einnig er boðið upp á skipulagða leiki. Farið er í styttri og lengri gönguferðir um nágrenni leikskólans þar sem fléttað er saman útivist, leik, náttúruskoðun og hreyfingu.





Dans

Á vorönn er öllum börnum leikskólans boðið upp á 6 vikna dansnámskeið og er þeim skipt í hópa eftir aldri.
Börnin læra skemmtilega dansa og þjálfast í leiðinni í samvinnu og félagsfærni.

Sjálfbærni og vísindi

Leikskólinn Álfaheiði er Grænfánaskóli og leggur áherslu á sjálfbærni og umhverfismennt. Markmið sjálfbærni er að börn og starfmenn geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli, í nútíð og um alla framtíð. Lýðheilsa, þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu, er hluti af sjálfbærni.

Markmið umhverfisstefnu leikskólans er að skapa samfélag í leikskólanum sem byggir á jafnrétti og samábyrgð. Að umhverfi leikskólans inni og úti sé heilnæmt, öruggt og hvetjandi fyrir börnin. Að börnin þekki og beri virðingu fyrir umhverfi sínu inni og úti og að umhverfismennt sé fléttuð inn í allt starf leikskólans. Markvisst er dregið úr sóun verðmæta og myndun úrgangs, stuðlað er að endurnýtingu og endurvinnslu og hugað að vistvænum og umhverfis vottuðum vörukaupum.

Kynni barna af náttúrunni eru þýðingarmikil fyrir þroska þeirra og mikilvægt er að þau upplifi hana af eigin raun og læri að njóta hennar sér til yndisauka. Börnunum er séð fyrir fjölbreyttum möguleikum á að kynnast náttúrunni, fuglunum og öðru dýralífi, veðurfari og árstíðunum. Árstíðarhrynjandi er í starfseminni sem endurspeglar þau viðfangsefni sem eru í boði hverju sinni.

Hringrás náttúrunnar er könnuð og allt rusl flokkað og því skilað í gáma við leikskólann. Endurnýtanlegur efniviður er auk þess nýttur í leik, skapandi starf, pappírs- og kennslugagnagerð.

Í nærumhverfi skólans og á leikskólalóðinni fer fram mikið útinám og kennsla. Fylgst er með vexti ávaxtatrjáa og berjarunna á lóð leikskólans, birkireklum er safnað fyrir Hekluskóga og tilraunir gerðar með kryddjurtir og ávaxtasteina.

Farið er í lengri og styttri gönguferðir og vettvangsferðir um nágrenni leikskólans. Gönguferðir tengjast gjarnan því sem verið er að vinna með hverju sinni og tengjast menningu og samfélagsnámi barnanna.

Lögð er áhersla á að ýta undir forvitni og vísindalega hugsun barnanna þar sem rannsökuð eru tengsl, orsök og afleiðing í gegnum leik og daglegt starf.
Börnin læra um ýmis öfl, krafta og birtingarmyndir þeirra í umhverfinu og gera margvíslegar tilraunir.



Sköpun og menning

Sköpun og menning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, barnamenningu, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu.

Gera skal börnunum kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum. Má þar nefna myndlist, tónlist, leiklist, dans, málrækt og skapandi hugsun.

Sköpun

Börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig með myndmáli og byggist sköpun barna á skynjun þeirra og reynslu. Í Álfaheiði er lögð áhersla á að börnin tjái sig frjálst og að sköpunargleðin fái að njóta sín.

Sjálft sköpunarferlið skiptir meira máli en útkoman gjarnan með hæglæti að leiðarljósi. Efniviður náttúrunnar og endurnýtanlegur efniviður er mikið nýttur í skapandi starf og hugmyndaflugið látið njóta sín.

Í leikskólanum er starfandi verkefnistjóri listgreina sem sér til þess að öll börn leikskólans fái tækikæri til að skapa úr fjölbreyttum efnivið, út frá eigin hugmyndum.



Tónlist

Tónlist er ríkur þáttur í allri þjóðmenningu. Börn öðlast tónlistarþroska með því að fá fjölbreytta reynslu af tónlist og að kynnast hljóðum, tónum og hreyfingu í leik og starfi.
Tónlistaruppeldi í leikskólanum felst í söng, hlustun og hreyfingu sem fram fer í skipulögðu og daglegu starfi.
Í samverustundum er sungið alla daga og oft eru valin árstíðarbundin lög. Við hlustum á slökunartónlist og er það einn liður í því að skapa rólegt og kyrrlátt andrúmsloft. Leikskólinn á ýmis hljóðfæri og skemmtilegt námsefni sem tengist tónlist. Í leikskólanum er starfandi verkefnastjóri tónlistar sem sér til þess að öll börn upplifa fjölbreytta tónlistarnálgun og sköpun.

Hefðir og hátíðir

Ýmsar hefðir og hátíðir eru viðhafðar í leikskólanum og eru börnin virkir þátttakendur í þeim. Börnin taka þátt í undirbúningi og dagskrá á fagnaðarfundum og öllum viðburðum sem foreldrum er boðið að taka þátt, s.s. opnu húsi, kærleikskaffi, sumarhátíð, kirkjuferð og afmæli styrktarbarns leikskólans svo eitthvað sé nefnt. Farið er á söfn, í leikhús, á tónleika og ýmislegt annað sem auðgar starfið.

Elstu börn leikskólans hafa verið þátttakendur í samstarfsverkefni með Tónlistarskóla Kópavogs þar sem börnin syngja á tónleikum í Salnum í Kópavogi, lög eftir tónskáld ársins.
Þannig taka börnin þátt í að móta menningu skólans en kynnast um leið menningu og hefðum íslensks samfélags.





Mat á námi og velferð barna

Mat á vellíðan og námi barna felur í sér að safnað er fjölbreyttum upplýsingum um það sem börn eru að fást við í leik og starfi. Mat beinir sjónum að áhuga barna, getu þeirra, hæfni og styrk sem þau sýna á ólíkan hátt. Mat er einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli matsins skal veita hverju og einu barni námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti notið leikskóladvalar sinnar.

Mikilvægt er að mat byggist á þátttöku og samvinnu leikskólakennara, annarra starfsmanna, foreldra og barna.
Þegar fylgst er með þroska, námi og velferð barnanna er lögð áhersla á: alhliða þroska, sjálfstæði, áhugasvið, þátttöku í leik úti og inni, félagsfærni og samkennd, frumkvæði og sköpunarkraft, tjáningu og samskipti.
Börnin meta starfið sjálf með ýmsum aðferðum t.d. með umræðum, hugarkortum, kosningum, teikningum og ljósmyndum.

Í Álfagullið (minningarbók barnsins úr leikskólanum), safnast saman ýmis verk sem börnin hafa unnið í gegnum árin, s.s. sjálfsmyndir, ljósmyndir, teikningar, svör barna við ýmsum stórum spurningum s.s. Hvað er að vera góður vinur og aðrar spurningar sem tengjast gildunum okkar.

Hvað er kærleikur?

leika sér saman, tala saman,
ekki öskra á hina – í eyrað,
hlusta á mömmu sína, týna blóm handa mömmu,
gleðja aðra, vera góður við pabba,
baka saman, brosa, knúsa.



Fjölskyldan og leikskólinn

Við upphaf leikskólagöngu barns er lagður hornsteinn að samstarfi foreldra og starfsmanna leikskólans. Lögð er áhersla á að samstarfið byggi á gagnkvæmum skilningi og virðingu þar sem umhyggja og velferð barnanna er höfð að leiðarljósi. Samstarf þetta byggir á þeirri forsendu að foreldrar beri meginábyrgð á uppeldi barna sinna.

Mikilvægt er að starfsmenn leikskólans og foreldrar geti treyst hvert öðru, deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir börnunum til heilla.

Upphaf leikskólagöngu

Að vori er kynningarfundur fyrir væntanlega nýja foreldra þar sem farið er yfir starfsemi leikskólans og húsnæðið skoðað.
Áður en leikskólaganga hefst er foreldrum boðið í samtal í leikskólanum, þar sem skipst er á upplýsingum og móttaka barns undirbúin miðað við þarfir barns og aðstæður t.d. hvort um fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn er að ræða og hvort fjölskyldusaga eða heilsufar gefi tilefni til sérstakrar móttöku. Jafnframt er í þessu samtali farið yfir skipulag aðlögunar og væntingar til samstarfsins.
Á aðlögunartímabilinu gefst foreldrum tækifæri á að kynnast starfsmönnum og starfi leikskólans og öðrum foreldrum. Foreldrar eru ávallt velkomin í heimsókn í leikskólann.

Foreldrasamtöl

Boðið er upp á foreldrasamtöl einu sinni til tvisvar á ári þar sem rætt er um líðan barnsins, nám þess og þroska, heima og í leikskólanum. Foreldrar geta þess utan ávallt óskað eftir samtali eða ráðgjöf.

Samþætt þjónusta

Samþætt þjónusta er samhæfð stuðningsþjónusta með áherslu á samvinnu og greiðari boðleiðir á milli mennta-, velferðar- heilbrigðis- og tómstundakerfis. Samþættingin getur verið tímabundin vegna ákveðinna aðstæðna sem upp koma eða langvarandi.
Samþætting þjónustu er alltaf að beiðni foreldra. Nánar um farsæld barna hér.
Í leikskólanum Álfaheiði er sérkennslustjóri, ásamt aðstoðarleikskólastjóra tengiliðir farsældar.

Foreldrafélag

Foreldrafélagið er samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í leikskólanum en markmið þess er að tryggja sem best velferð barna í leikskólanum og að styðja og styrkja það uppeldisstarf sem þar er unnið. Hefðir hafa skapast fyrir þeim verkefnum sem foreldrafélagið stendur fyrir á hverju ári.

Foreldraráð

Foreldraráð er lögboðinn vettvangur foreldra til að koma skoðunum sínum á framfæri við skólastjórnendur um innihald, áherslur og skipulag skólastarfsins. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og menntaráðs Kópavogs um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar í leikskólastarfinu og fjallar um ýmiss mál tengd leikskólastarfinu. Foreldrar kjósa fulltrúa í foreldrafélag og foreldraráð leikskólans á aðalfundi foreldrafélagsins að hausti.





Heimili og leikskólinn

Mikil og góð samvinna er við foreldra og tekin eru fyrir mörg verkefni sem tengja saman heimili og skóla. Sem dæmi má nefna:


Lestrarátak

Lestrarátakið Það er gaman að lesa saman, er haldið í nóvember ár hvert. Það er samvinnuverkefni foreldra, leikskólans og Bókasafns Kópavogs og bókasafns Álfhólsskóla.

Sólblómaleikskóli

Starfsfólk, foreldrar og börn í Álfaheiði hafa frá árinu 2001 í sameiningu styrkt framfærslu barna í barnaþorpum SOS.
Börnin fræðast um hagi barna í barnaþorpum SOS og við fáum reglulega fréttir af því hvernig okkar barni vegnar.
Elstu börnin í leikskólanum hafa það mikilvæga hlutverk að koma með hugmyndir að og kjósa um hvernig við getum glatt styrktarbarnið okkar í tilefni jóla og afmæli barnsins.
Foreldrum er boðið í afmæliskaffi styrktarbarnsins í leikskólanum og baukar eru staðsettir á hverri deild. Eftir afmælisveisluna hafa elstu börnin farið með það fé sem safnast hefur til SOS samtakanna og það rennur beint í eigin sjóð barnsins sem hjálpar því að standa á eigin fótum í framtíðinni.
Margt smátt gerir eitt stórt en fyrsta styrktarbarn leikskólans (2001-2018) er Lucas fæddur 1999 sem býr í Argentínu. Hann er nú orðin faðir sjálfur og fékk aðstoð til að byggja sitt eigið húsnæði með hjálp SOS.

Nú styrkjum við Isabellu (frá 2018) sem býr í barnaþorpi í Tansaníu og er fædd árið 2016.



Bangsi í heimsókn

Elstu og næst-elstu börn leikskólans skiptast á að fara með bangsa heim. Með bangsanum fylgja spurningar um vináttu, Barnasáttmálann og gildin sem við vinnum með, sem barn og foreldrar svara í sameiningu. Þegar barnið kemur með bangsann aftur í leikskólann er lesið í samverustund hverju var svarað heima og svörin geymd í Álfagulli barnsins, sem það fær svo afhent við útskrift úr leikskólanum.

Tengsl skólastiga

Náið samstarf er á milli leikskólans Álfaheiði og Álfhólsskóla. Samvinna við grunnskólann er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu og það auðveldar börnunum að flytjast á milli skólastiga. Meginmarkmið samstarfsins er að nám barna myndi samfellda heild þannig að sú þekking og viðfangsefni sem börnin fást við í leikskólanum verði sá grunnur sem grunnskólanámið byggir á. Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra og kennara, þar sem velferð, þroski og menntun barna er í brennidepli.

Foreldrar eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiga. Þeir miðla upplýsingum um börn sín og leikskólagöngu þeirra og eiga rétt á að fá vitneskju um öll þau gögn sem fylgja þeim úr leikskóla. Þegar börn flytjast á milli leikskóla eða fara í grunnskóla ber leikskóla að sjá til þess að nauðsynlegar upplýsingar fylgi þeim með tryggum hætti.

Í starfsáætlun leikskólans og Álfhólsskóla koma fram fastir þættir sem eru í samstarfinu s.s. gagnkvæmar heimsóknir, hátíðir og heföir. Fundir kennara og kynningar á milli skólastiga dreifast yfir veturinn.

Samstarf í nærumhverfi

Náið og reglulegt samstarf er við fjölmörg samtök og stofnanir s.s. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Samfélagslöggan, SOS barnaþorp, Landvernd, Bókasafn Kópavogs, Hjallakirkju,UNICEF, Barnaheill, Samtalið, Tónlistarskóla Kópavogs, söfn og menningarstofnanir í Kópavogi og á höfuðborgarsvæðinu og Vinnuskóla Kópavogs.
Mikið samstarf er við leikskólann Efstahjalla sem og aðra leikskóla í Kópavogi. Auk reglulegs samstarf við Álfhólsskóla er hefð fyrir að taka á móti nemum á unglingastigi í leikskólaval, þar sem unglingarnir kynnast því að starfa í leikskóla. Jafnframt hafa nemar á unglingastigi úr Álfhólsskóla og nemar í Menntaskólanum í Kópavogi starfað hér í skemmri tíma í atvinnutengdu námi.
Einnig höfum við tekið á móti kennaramenntuðu flóttafólki á vegum Vinnumálastofnunar í starfskynningu.
Við tökum ávallt á móti gestum íslenskum sem erlendum sem vilja kynna sér starfsemi og hugmyndfræði leikskólans .

Starfsáætlun-skóladagatal-heimasíða

Leikskólinn gerir árlega starfsáætlun þar sem starf síðasta skólaárs er metið og faglegum áherslum á komandi starfsári er lýst. Áætlunin fær umsögn foreldraráðs áður en Menntaráð Kópavogs tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.
Leikskólinn gefur út skóladagatal þar sem koma fram dagsetningar á föstum þáttum í starfinu.
Skóladagatalið er birt á heimasíðu leikskólans og rafræna útgáfu þess er jafnframt hægt að hlaða niður í gegnum heimasíðu Kópavogs https://www.kopavogur.is

Á heimasíðu leikskólans http://alfaheidi.kopavogur.is eru fréttir og allar helstu upplýsingar um starfið.

Vala leikskóla smáforrit er samskiptaforrit fyrir forráðamenn leikskólabarna í Kópavogi. Þar geta forráðamenn séð fréttir og tilkynningar frá leikskólanum, sent og tekið á móti skilaboðum, séð matseðla og viðburðadagatal og breytt dvalartíma barna.

Starfsfólk

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólakennarar skulu hafa leyfisbréf til þess að nota starfsheitið kennari, sbr. lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla.
Að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda kennara.
Að auki er heimilt að ráða starfsfólk með fjölbreytta reynslu og menntun til að annast uppeldi og menntun barna.
Starfsfólk skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki. Starfsfólki ber að stuðla markvisst að velferð og farsæld barna ásamt því að fylgjast með, taka eftir og greina vísbendingar um hvort þörfum barns sé mætt með fullnægjandi hætti og bregðast við á skilvirkan hátt. Starfsfólki leikskóla ber að taka þátt í samstarfi í samræmi við ákvæði laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, þ.m.t. eftir atvikum að taka sæti í stuðningsteymi. Starfsfólk leikskóla er bundið þagnarskyldu. Þagnarskyldan nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um, lögum samkvæmt. Lögð er áhersla á að starfsfólk kynni sér starfsmannahandbók Kópavogsbæjar en þar er meðal annars að finna allar helstu upplýsingar um stefnur og reglur Kópavogsbæjar, réttindi og skyldur starfsfólks og öryggi og heilbrigði á vinnustað.

Öryggismál og forvarnir

Kópavogsbær hefur sett sér það markmið að vera slysalaus vinnustaður. Til að svo megi verða þarf að efla öryggisvitund starfsfólks og stuðla að öflugri öryggismenningu.

Kópavogsbær leggur áherslu á að öryggi starfsfólks, nemenda og annarra þjónustuþega sé í fyrirrúmi og að leita allra leiða til að efla öryggi. ATVIK er lausn sem notuð er til að tilkynna um slys, ógn/áreiti/einelti og senda inn ábendingar um mögulegar hættur í umhverfi okkar. Börn og starfsfólk leikskólans eru slysatryggð í leikskólanum á vegum Kópavogsbæjar.

Forvarnir og góð vinnubrögð skapa öruggara umhverfi sem fyrirbyggi óhöpp og slys. Starfsfólk vinnur eftir samþykkt um öryggismál. Í Álfaheiði er starfandi öryggistrúnaðarmaður og öryggisfulltrúi og öryggisnefnd fundar að lágmarki fjórum sinnum á hverju skólaári .

Starfsfólk sinnir daglegu inni- og útieftirliti.

Reglulegt eftirlit með leikskólalóð og húsnæði er á vegum garðyrkjudeildar og eignadeildar Kópavogs.

Rýmingaráætlun er til staðar og rýmingaræfingar eru mánaðarlega í leikskólanum.

Elstu börn leikskólans fá fræðslu frá Slökkviliði og sjá um reglulegt brunaeftirlit í leikskólanum.

Allt starfsfólk tekur námskeið á vegum BOFS um kynferðisofbeldi og kynferðislega hegðun barna (áhersla á aldurinn 2-6 ára). Einnig eru fjölmörg skyldunámskeið sem starfsfólk sækir á Fræðslutorgi Kópavogsbæjar, má þar nefna Verklag um tilkynningar til Barnaverndarþjónustu Kópavogs, Þátttökunámskeið Unicef og Barnsáttmálinn.

Til að tryggja öryggi barna og starfsfólks er sýnileiki á milli allra rýma leikskólans, þ.e. gluggar eru á öllum rýmum og að lágmarki eru ávallt tveir starfsmenn á svæðum þar sem börn dvelja.

Áfallaráð

Áfallaráð er teymi innan skólans sem er ávallt í viðbragsstöðu ef upp koma áföll í skólanum. Ráðið vinnur eftir áfallaáætlun/ vinnuferlum til að styðjast við þegar áföll verða.

Mat á leikskólastarfi

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt.

Innra mat

Leikskólinn framkvæmir sjálfur innra mat og er því ætlað að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans, stuðla að umbótum, þróun og auknum gæðum. Tekið er tillit til sjónarmiða kennara, annarra starfsmanna, barna og foreldra.

Matsteymi er starfandi innan leikskólans og hittist reglulega yfir skólaárið. Í matsteymi sitja stjórnendur og fulltrúi hverrar deildar. Matsteymi ásamt starfsfólki leikskólans hefur þróað gátlista, sérsniðinn að okkar starfsemi og hugmyndafræði, sem er metinn reglulega yfir skólaárið.

Starfsfólk leikskólans metur jafnframt námsþætti leikskóla á hverju skólaári með sérsniðnum rafrænum listum frá menntasviði Kópavogs.

Umhverfisstörf eru metin út frá matslista frá Landvernd og endurnýja þarf umsókn um Grænfána á tveggja ára fresti.

Endurnýjun umsóknar um Réttindaskóla UNICEF fer fram með ýtarlegu mati á þriggja ára fresti.
Börnin meta nám sitt, aðstæður, líðan og leikefni og eru matsaðferðir breytilegar.

Ytra mat

Ytra mat er mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila. Menntaráð Kópavogs hefur eftirlit með því að starfsemi leikskólans samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Deildarstjóri leikskóladeildar í umboði Menntaráðs ber ábyrgð á framkvæmd ytra mats .

Viðhorfskönnun forráðamanna er framkvæmd á vegum Skólapúlsins annað hvert ár.

Viðhorfskönnun starfsfólks er framkvæmd á vegum Starfsmannapúlsins annað hvert ár.
Vinnustaðagreining hefur jafnframt verið framkvæmd á tveggja ára fresti á vegum Prósent, fyrir Kópavogsbæ.

Matsteymi leikskólans hefur unnið úrbóta/aðgerðaráætlanir vegna ofantalinna mælinga sem birtar eru á heimasíðu leikskólans og í starfsáætlun leikskólans.



Gleðisöngurinn

Í Álfaheiði gleðin ávallt ríkir
góðum gildum okkar lyftum hátt.
Kærleikur og virðing aldrei víki
allir leika í samlyndi og sátt.
Í leikskólanum okkur þykir gaman
friðurinn á í því stóran þátt.
Okkur finnst svo gott að vera saman
þegar allir starfa á þennan hátt.

Lag: Litla flugan, höf. Sigfús Halldórsson
Texti: Rakel Ýr Isaksen